

AUGLÝSING

**um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Hafnarborgar,
menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar.**

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 4. október 2013 stofnskrá Hafnarborgar, menningar- og listamiðstöðvar Hafnarfjarðar.
Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 24. janúar 2018.

F.h. safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

**GJAFABRÉF
til stofnunar, er beri heitið
Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.**

Við undirrituð hjón, Ingibjörg Sigurjónsdóttir og Sverrir Magnússon, gjörum með bréfi þessu kunnugt, að við gefum hér með Hafnarfjarðarkaupstað þær eignir okkar, sem upp eru taldar í 1. gr. hér á eftir, til stofnunar og starfrækslu lista- og menningarmiðstöðvar er beri heitið „Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar“. Skal hún vera til húsa að Strandgötu 34, rekin sem ein af stofnunum Hafnarfjarðarkaupstaðar, með sjálfstæðum fjárhag og sérstakri stjórn.

1. gr.

Eignaráðstöfun.

Eftirtaldar eignir skulu vera stofn að ofangreindri menningar- og listamiðstöð:

- 1) Hlutafélagið Hafnarborg, þ.e. öll hlutabréf í Hafnarborg hf., sem er eigandi að fasteigninni nr. 34 við Strandgötu í Hafnarfirði, hús og lóðarréttindum, í því ástandi, sem eiginin verður við afhendingu.
- 2) Málverk okkar, samkvæmt meðfylgjandi skrá, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.
- 3) Bækur okkar, að undanteknum fagbókum og tímaritum um lyfja- og efnafræði, sbr. þó 3. mgr. 5. gr.

2. gr.

Hlutverk og rekstur.

- 1) Hlutverk stofnunarinnar er að efla alhliða lista- og menningar líf í Hafnarfirði. Helstu verkefni stofnunarinnar skulu því vera:
 - a) rekstur listasafns, hljómtækja-, bóka- og lesstofu ásamt rekstri salarkynna fyrir listsýningar, tónleika og aðra skylda starfsemi,
 - b) rekstur vinnustofu, sem listamenn fái til afnota um lengri eða skemmrí tíma samkvæmt reglum og skilyrðum, sem stjórn stofnunarinnar setur,
 - c) rekstur og útleiga á fasteign stofnunarinnar,
 - d) annar rekstur, sem stjórn stofnunarinnar telur að samrýmist tilgangi hennar.
- 2) Tekjum af húsaleigu, sýningarhaldi eða öðru skal varið til reksturs og uppbyggingar stofnunarinnar, til kaupa á listaverkum og bókum svo og til styrktar listamönnum. Hrökkvi tekjur ekki fyrir reksturskostnaði er áskilið að Hafnarfjarðarkaupstaður greiði það, sem á vantar.
- 3) Til þess að stofnunin geti gegnt hlutverki sínu ber nauðsyn til að byggja upp efri hæð vesturhliðar hússins svo og nýjan aðalinngang við suðurhlíð, í aðalatriðum samkvæmt teikningum Ingimars Hauks Ingimarssonar, arkitekts, merktum Vinnustofan Klöpp 80-202, dags. 17. desember 1980, og síðari breytingum, og í samráði við gefendur. Áskilið er að Hafnarfjarðar-

kaupstaður taki á sig þessar framkvæmdir og beri af þeim allan kostnað. Ætlast er til að þær hefjist svo fljótt sem aðstæður leyfa og verði að fullu lokið eigi síðar en að sex árum liðnum frá afhendingu núverandi byggingar að Strandgötu 34, sbr. 1. mgr. 5. gr. Ljósmyndir af núverandi byggingu svo og teikningar af endanlegrí byggingu fylgja gjafabréfinu.

3. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skipa fjórir menn, einn tilnefndur af gefendum, meðan þeirra nýtur við, tveir tilnefndir af bæjarstjórn Hafnarfjarðar en fjórði maður í stjórn er bæjarstjórin í Hafnarfirði. Að gefendum gengnum fækkar stjórnarmönnum í þrjá. Stjórn skiptir með sér verkum.

4. gr.
Stofndagur.

Stofndagur Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar og jafnframt gildistöku-dagur gjafabréfs þessa skal vera 1. júní 1983, sjötugasti og fimmti afmælisdagur Hafnarfjarðar-kaupstaðar.

5. gr.
Afhending eigna.

Eignir þær, sem stofnunin á að byggjast á, sbr. 1. gr., skulu afhentar sem hér segir:

- 1) fasteignin nr. 34 við Strandgötu, þ.e. hlutafélagið Hafnarborg, á stofndegi þann 1. júní 1983, en yfirtaka hlutafélagsins miðast við áramótauppgjör þess pr. 1. janúar 1983. Ársreikningurinn er fylgiskjal með gjafabréfinu,
- 2) málverk okkar, að undanskildum tilteknum verkum, sem varðveitt eru á heimili okkar, meðan annars hvors nýtur við,
- 3) bækur okkar, að okkur gengnum, nema samkomulag verður um aðra tilhögum. Bækurnar eru varðveittar á heimili okkar.

6. gr.
Sérstök ákvæði.

- 1) Gjafabréf þetta gildir sem afsal og skal því þinglýst.
- 2) Eignin afhendist án áhvílandi veðskulda, annarra en tveggja verðtryggðra lána hjá Lífeyrissjóði apótekara og lyfjafræðinga, 12. júní 1981, kr. 54.000 og 14. ágúst 1981, kr. 64.000, hvort upphaflega til 10 ára (nú 9 ára), en fyrsta afborgun er greidd. Áskilið er að Hafnarfjarðar-kaupstaður taki að sér greiðslur á eftirstöðvum þessara lána.
- 3) Fasteignin afhendist í því ástandi, sem hún er í á stofndegi. Efni til viðgerðar á þaki og gluggum á rishæð og gluggum á miðhæð framhliðar á eldra húsi, svo sem gluggakarmar, rammar, tvöfalt gler og lakkhúðað þakstál, fylgir gjöfnni.
- 4) Innréttigar, áhöld og tæki, önnur en loftræstingar-, hitunar- og rafkerfi teljast ekki til gjafar-innar.
- 5) Áskilið er að meðan annars eða beggja gefenda nýtur við, skuli leigutekjur af útleigðu húsnæði renna til þeirra, að undanteknum leigutekjum af væntanlegum sýningarsöldum, sem renni til stofnunarinnar.
- 6) Áskilið er að samningar, sem gerðir hafa verið um útleigu á einstökum hluta húsnæðisins að Strandgötu 34, haldi gildi sínu, þar á meðal samkomulag um afnot annars gefenda, Sverris Magnússonar, lyfsala, af núverandi húsnæði Hafnarfjarðar Apóteks, til loka lyfsöluleyfis hans 31. desember 1984 svo og réttur hans til framhaldandi útleigu á því húsnæði, sbr. 5. mgr. 6. gr. Þeir samningar sem í gildu eru fylgja með gjafabréfinu en þær breytingar sem á þeim kunna að vera skulu kynntar stjórn stofnunarinnar.
- 7) Áskilið er að fasteignagjöld af eigninni falli niður frá upphafi afhendingarárs.
- 8) Óheimilt er að selja húseign stofnunarinnar eða taka hana til annarra óskyldra nota. Einnig er óheimilt að selja, farga, tvístra eða ráðstafa safnmunum til annarra stofnana eða einstaklinga, nema í því tilviki að stofnunin verði í framtíðinni sameinuð annari menningarstofnun á vegum

Nr. 149

24. janúar 2018

Hafnarfjarðarkaupstaðar, enda beri sú stofnun þá áfram heitið Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

Hafnarfirði, 1. júní 1983.

Ingibjörg Sigurjónsdóttir.

Sverrir Magnússon.

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 1. júní 1983 var samþykkt að veita gjafabréfi þessu viðtöku, skv. ákvæðum gjafabréfsins.

Stjórn Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar samþykkir eftirfarandi viðauka við gjafabréf þeirra Ingibjargar Sigurjónsdóttur og Sverris Magnússonar frá 8. ágúst 1983. Með þessum viðauka telst gjafabréfið fullgilt sem stofnskrá safns samkvæmt 10. gr. safnalaga nr. 141/2011.

VIÐAUKI

1. gr.

Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar starfar samkvæmt þeim lögum sem gilda um starfsemi safna og samkvæmt samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

2. gr.

Ráðning forstöðumanns Hafnarborgar fer fram samkvæmt samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar. Hann skal ráðinn til fimm ára í senn og er heimilt að framlengja ráðningu forstöðumanns til næstu fimm ára án auglýsingar. Hann skal hafa sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á myndlist og starfsemi/rekstri listasafna.

Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnsýslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og á framkvæmd ákvarðana stjórnar og bæjarráðs.

Forstöðumaður ber ábyrgð á viðhaldi búnaðar safnsins í samráði við Fasteignafélag Hafnarfjarðarkaupstaðar.

3. gr.

Stjórn Hafnarborgar skipar þriggja manna listráð sem hafa skal sama skipunartíma og stjórnin. Hlutverk listráðs er að vera ráðgefandi varðandi listræna starfsemi þar með talið fjalla um innkaup og gjafir samkvæmt söfnunarstefnu. Forstöðumaður gerir tillögur að fulltrúum til setu í listráði.

4. gr.

Komi til þess að safnið verði lagt niður skal fara að fyrirmálum gjafabréfs og samráð haft við höfuðsafn eins og gildandi lög gera ráð fyrir.